

05.11.2025 (#6 2025-2026) kl. 13:00

Fundurinn fór fram í gegnum fjarfundarbúnað

Mætt voru stjórnarmennirnir **Valerie Maier, Rósfríð Kristín Áslaugsdóttir, Sigríður Hallgrímsdóttir, Hörður Sigurðarsson, Jón Axelsson og Ragnar Fjalar Sævarsson** sem jafnframt ritaði fundargerð. Þá sat **Geir Ómarsson** framkvæmdastjóri fundinn.

Fjarverandi: **Elíabet Einarsdóttir, Katrín Pálsdóttir.**

Valerie Maier stýrði fundinum.

Dagskrá fer fram í samræmi við fundarboð:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Fjármál og skýrsla framkvæmdastjóra
3. Styrkumsóknir
4. Verkefnalisti
5. Unglingaþjálfari
6. Afrekstefna
7. Uppskeruhátið
8. Önnur mál
9. Næsti fundur og þing 2026

1. Fundargerð síðasta fundar

Valerie leggur fram fundargerð síðusta fundar sem var send stjórnarfólki í tölvupósti fyrir fundinn og biður stjórnarfólk um að koma með athugasemdir eða staðfesta fundargerðina. Engin athugasemd.

Fundargerð samþykkt

2. Fjármál og skýrsla framkvæmdastjóra

Geir fór yfir fjármál ÞRÍ og það kom fram í hans yfirferð að fjárhagur sambandsins sé með ágætum. Stefnir er að staðan á reikningum félagsins í árslok verði jákvæð.

3. Styrkumsóknir

Valerie sagði frá því að ÞRÍ hefði sótt um Eurotriathlon styrk síðasta vor. Um 3000 evrur fyrir ferðakostnað fyrir þjálfara og dómara. Einnig sóttum við um styrk fyrir Barnaþraut og Summer Youth Camp. Þá sótti Geir um í afrekssjóð fyrir Guðlaugu Eddu með svipuðu sniði og undanfarin ár. Einnig sótt um styrk úr Rannís fyrir active skills for life.

Þá vissi Geir til þess að 3SH sótti um styrk fyrir barnaþraut, Breiðablik sótti líka um hjá UMSK og Ægir3 sótti um styrk til UMFÍ til að styðja við þjálfun.

4. Verkefnalisti

Umræða um að setja af stað unglingaþjálfun í félögunum hefur verið upp í langan tíma. Þetta var sett inn í stefnu ÞRÍ sem send var til Europe Triathlon. Við þurfum að taka þetta skref.

Hugmynd að ÞRÍ ráði viðkomandi og ráðstafi til félaganna. Þessi einstaklingur yrði í uppb 10-20% verktakastarfi. Manneskja með íþróttabakgrunn, eða námi.

Rannís sjóðurinn og UMFÍ styrkja báðir þjálfaramenntun. ÞRÍ getur sótt um Rannís sjóðinn.

5. Unglingaþjálfari

Valerie fór yfir stöðuna í barna- og unglingastarf. Það sem er að stoppa framgang er að það vantar unglingaþjálfara. Þarf að vera samstarfsverkefni ÞRÍ og eins af félögunum.

Það er búið að gera starfslýsingu og það þarf að ákveða starfshlutfall. Líklega verður þetta verktaki. Fjárhagsstaða ÞRÍ er í raun þröng þegar kemur að þessu. Stefnan er að auglýsa eftir verktaka og sjá hverjir sækja um.

6. Afrekstefna

Valerie nefnir að nefndirnar séu ekki nógu virkar fyrir utan dómaranefndina. Það þarf að uppfæra afrekstefnuna og samþykka á næsta þingi og Valerie hvatti stórnarfólk til að fara vel yfir hana og koma með athugasemdir.

7. Uppskeruhátið

Hátíðin er í næstu viku, þann 12. nóvember. Farið er yfir val á nýliða ársins og þríbrautafólki ársins þar sem ekki bárust tillögur frá mótanefnd.

8. Önnur mál

Geir bar undir fundinn að birta niðurstöðu stigakeppninnar fyrir uppskeruhátíðina.

Samþykkt

9. Næsti fundur og þing 2026

14. janúar 2026 kl 9:00

Samþykkt

Fundi slitið kl.14:32

Fundargerð yfirfarin og samþykkt án athugasemda af öllum fundarmönnum.